



Gamlar myndir loksins fundnar – fjörutíu og fimm ára afmæli útskriftarárgangs 1980

Einar Guðmundsson læknir

Vorið 1980 voru teknar myndir af útskriftarárgangi 1980 strax að afloknu síðasta vorprófinu. Hópurinn, alls 36 manns, glaður og þreyttur, en ekki beinlínis í hátíðaklæðnaði enda ekki um útskriftarmynd að ræða. Hópurinn tvístraðist fljótlega eftir útskrift og enginn mundi hver tók myndirnar, en margir mundu myndatökuna. Gegnum árin hafa menn velt fyrir sér hvar þessar myndir gætu verið niðurkomnar og ég var einn af þeim sem var að grennslast fyrir um þær. Síðastliðið haust fann ég svo upplitaðar litmyndir í gömlum kössum heima við og varð talsvert hissa og skömmustulegur. Ég mundi að ég tók þær ekki, en þær höfðu greinilega verið teknar á mína myndavél. Ég verð að biðja útskriftarárganginn afsökunar á þessu klúðri af minn hálfu og bið *Lækna-bladið* að hjálpa mér að koma einni af þeim á framfæri. Myndin er af ungum tilvonandi læknum með bjarta framtíð fyrir sér, en birtist nú 45 árum síðar er flestir eru að huga að starfslokum, eða eru þegar hættir störfum. Það er því, ólíkt öðrum útskriftarárgöngum sem *Lækna-bladið* hefur birt myndir af, hægt að birta nöfn og sérgreinaðal árgangsins.

Í fremstu röð frá vinstri

Arnór Egilsson heilsugæslulæknir, Svíþjóð
Haraldur Sigurðsson augnlæknir
Már H. Tulinius barnalæknir, Svíþjóð
Sigurður Örn Hektorsson geðlæknir
Finnur Snorrason bæklunarlæknir, Noregi
Steingrímur Björnsson kvensjúkdómalæknir, Skotlandi

Í annari röð frá vinstri

Robert John Doell svæfingalæknir, BNA
Eiríkur Þorgeirsson augnlæknir
Tryggvi B. Stefánsson skurðlæknir
Sigurbjörn Björnsson öldrunarlæknir
Páll Tryggvason barna- og unglingageðlæknir
Brynjólfur Jónsson bæklunarlæknir
Þórður Sverrison augnlæknir

Í þriðju röð frá vinstri:

Ólafur M. Hákansson kvensjúkdómalæknir
Halldór Jónsson bæklunarlæknir
Sólveig Benjamínsdóttir heilsugæslulæknir
Bogi Ásgeirsson svæfingalæknir
Jón Ingvar Ragnarsson bæklunarlæknir
Hannes Þ. Hjartarson háls-, nef- og eyrnalæknir
Böðvar Örn Sigurjónsson heilsugæslulæknir
Baldvin Jónsson barnalæknir

Í fjórðu röð frá vinstri:

Einar Guðmundsson geðlæknir
Guðmundur Einarsson geislagreining
Kolbrún S. Benediktsdóttir myndgreining
Pétur Heimisson heilsugæslulæknir
Sólveig Óskarsdóttir barnalæknir
Ólafur Gísli Jónsson barnalæknir

Aftasta röð frá vinstri:

Einar E. Jónsson heilsugæslulæknir
Þórarinn Baldursson heilsugæslulæknir
Stefán Gylfi Gunnarsson heilsugæslulæknir, Noregi
Guðný Bjarnadóttir öldrunarlæknir
Kristján Guðmundsson háls-, nef- og eyrnalæknir
Brynhildur Ingvarsdóttir augnlæknir
Sigurlaug Karlsdóttir geðlæknir
Helga Hrönn Þórhallsdóttir húð- og kynsjúkdómalæknir
Ragnhildur G. Steinbach skurðlæknir

Eins og sjá má af sérgreinaðalinu dreifist hópurinn nokkuð jafnt á algengustu sérgreinarnar, en heilsugæslan trónir þó efst með 7 heilsugæslulækna. Upplýsingar sem hér birtast eru eftir minni og úr hinu frábæra læknatali frá árinu 2000.